

**Stjórn Úrvinnslusjóðs****358. stjórnarfundur, fimmdaginn 30. maí 2024 - kl. 10:00 – 12:10****Suðurlandsbraut 24, 2. hæð / Teams****Dagskrá samkvæmt fundarboði:****A. Til kynningar**

1. Ákvæði Evróputilskipunar 2019/904 um einnota drykkjarflöskur
2. Staða sjóða
3. Tillaga til stjórnar um lagabreytingar –
  - a. Samningsheimildir Úrvinnslusjóðs og heimildir til upplýsinga frá Skattinum.
  - b. Breytingar á viðaukum
4. Heimsókn Úrvinnslusjóðs 22. – 24. maí 2024 til Renas og Gröntpunkt í Noregi

**B. Til samþykktar**

5. Ársreikningur 2023
6. Samningar samkvæmt 4. mgr. 15. gr. laga nr. 162/2002 um úrvinnslugjald (prentsmiðjur)

**Fundinn sátu:****Stjórn:**

Kristófer Már Maronsson, formaður (KMM),  
Anton Kári Halldórsson (AKH),  
Benedikt S. Benediktsson (BSB),  
Birta Sif Arnardóttir (BSA),  
Jón Viggó Gunnarsson (JVG),  
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ),  
Sigurgeir Bárðarson (SB)

**Starfsmenn Úrvinnslusjóðs:**

Sandra Brá Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri (SBJ),  
Edda Krístrún Andrésdóttir, samskiptastjóri (EA) ritaði fundargerð  
Ása Hauksdóttir, skrifstofustjóri (ÁH)  
Daníel Gunnarsson, rekstrarstjóri (DG)  
Gunnlaug H. Einarsdóttir, sérfræðingur (GHE)  
Íris Gunnarsdóttir, rekstrarstjóri (ÍG)

**Samantekt ákvarðana fundarins:**

- Stjórn samþykkti tillögu um að senda Landsprenti og Ísafold áform um að samningum við prentsmiðjurnar verði sagt upp, með fresti til að senda athugasemdir til og með 20. júní nk. Í framhaldinu verði samningunum sagt upp, eftir því sem við á.

- Starfsfólki Úrvinnslusjóðs var falið að gera drög að verklagsreglum um gerð tillagna um breytingar á úrvinnslugjöldum með hliðsjón af stöðu sjóða til framlagningar fyrir næsta stjórnarfund.
- Starfsfólki Úrvinnslusjóðs var falið að undirbúa gerð óskuldbindandi samstarfsviljayfirlýsingar við Renas. Ráðuneyti verði jafnframt upplýst um þá fyrirætlan.

## DAGSKRÁ

### A. Til kynningar:

#### 1. Ákvæði Evróputilskipunar 2019/904 um einnota drykkjarflöskur

Í framhaldi af umræðum síðasta stjórnarfundar um sérstaka söfnun drykkjarflaskna úr plasti kom GHE inn á fundinn og skýrði það til hvaða umbúða tilskipunin nær, þ.e. allra einnota drykkjarflaskna nema þeirra sem innihalda mjólkurvörur (kúamjólk – 4. Kafli í tollskrá). Haldinn var fundur með Skattinum og Endurvinnslunni til að skýra skilin á milli kerfa.

Í umræðum stjórnar kom fram að hægt þarf að vera að drekka beint úr flösku til að hún falli undir tilskipunina, þykni falli þar ekki undir. Einnig var rætt um merkingar á flöskum undir lífræna mjólk. Tekið er við slíkum umbúðum en ekki er greitt skilgjald fyrir þær, merkingarnar eru því ekki rangar. Rætt var hvort ástæða sé til að skerpa á ofangreindu gagnvart neytendum, eftir atvikum í samstarfi við hagaðila.

#### 2. Staða sjóða

DG og GHE kynntu stöðu sjóða og tillögur um breytingar á úrvinnslugjöldum til hækkunar og lækkunar. Tillögur stjórnar til ráðherra um gjaldabreytingar þurfa að liggja fyrir tímanlega, eða í lok júní.

Stjórn ræddi forsendur gjaldabreytinga og helstu breytur sem skipta máli varðandi fjárhæð. Þær eru mismunandi eftir vöruflokkum. Stjórn var sammála um að forsendur þurfi að vera skýrar. Hlutverk stjórnar var rætt í því sambandi. Bæði þarf að líta til þess að sjóðir séu í jafnvægi varðandi inn- og útstreymi og til þess kostnaðar sem felst í að ná endurvinnslumarkmiðum. Rætt var um raftæki og heyrúlluplast sérstaklega.

Starfsfólki Úrvinnslusjóðs var falið að gera drög að verklagsreglum þar að lútandi sem verði lögð fyrir næsta stjórnarfund til samþykktar.

DG vék af fundi.

#### 3. Tillögur til stjórnar um lagabreytingar

GHE kynnir tillögur að lagabreytingum:

- a. Lagðar eru til breytingar á viðaukum við lög nr. 162/2002 um úrvinnslugjald í tveimur hlutum. Tilgangurinn er að uppfæra tollskránum í viðaukum til samræmis við gildandi tollskrá.
  - i. Breytingar á viðaukum - breytingar/lagfæringar á gjöldum vegna uppskiptingar tollskránum vegna þriggja auglýsinga frá árunum 2022 og 2023 um breytingu á tollskrá.

- ii. Viðauki 18 – Umbúðamódel í excelskjali frá Niras. Farið var yfir samvinnu við Niras. Fram kom að a.m.k. annað hvert ár þurfi að yfirfara skjalið. Verkefnið er í vinnslu og skjalið er ekki endanlegt.
  - iii. Breytingar á viðauka XIV: Prentlitir (fyrirhuguð uppskipting tollskrárnúmera og breytingar á gjöldum), og viðauka XIX: Sólarrafhlöður (eru undir framleiðendaábyrgð en bera ekki gjöld nú).
- b. Ræddar hugmyndir um breytingar á 3. mgr. 8. gr. laga nr. 162/2002.
  - c. Lagðar eru til auknar heimildir fyrir Úrvinnslusjóð til aðgangs að gögnum frá Skattinum, þ.e. gögnum er varða gjaldendur úrvinnslugjalda.

Tillaga KMM um að ræða ofangreint betur á aukafundi stjórnar í júní var samþykkt.

Tillaga KMM að breytingu á dagskrá þannig að 4. dagskrárliður verði tekinn fyrir að loknum dagskrárliðum 5. og 6. var samþykkt.

## **B. Til samþykktar:**

### **5. Ársreikningur Úrvinnslusjóðs**

Ársreikningur vegna ársins 2023 er lagður fram til staðfestingar.

ÁH og SBJ fara yfir helstu tölur í ársreikningi og gera grein fyrir skýringum Fjársýslunnar á óljósum liðum. Úrvinnslusjóður hefur óskað eftir fundi með Fjársýslu til að fá nánari skýringar á nokkrum atriðum. Stjórn var á einu máli um að ársreikningurinn gæfi ekki glögga mynd af niðurstöðu ársins í núverandi mynd. Bent var á fyrirvara í inngangi ársreikningsins í þessu sambandi. Lög um opinber fjármál gera ráð fyrir ákveðinni framsetningu sem A-hluta stofnanir þurfa að fylgja.

Tillaga KMM um að afgreiðslu verði frestað þar til betri skýringar hafa borist var samþykkt.

Jafnframt var starfsfólki Úrvinnslusjóðs falið að kanna hvort heimilt sé að fela endurskoðendum á almennum markaði endurskoðun ársreikningsins sem og að ræða við Ríkisendurskoðun um endurskoðun ársreikningsins 2023.

ÁH vék af fundi.

### **6. Samningur skv. 4. mgr. 15. gr. laga nr. 162/2002 um úrvinnslugjald - Prentsmiðjur**

Á síðasta stjórnarfundum var fjallað um samninga við Landsprent og Ísafold sem að mati Úrvinnslusjóðs hafa ekki stöð í 4. mgr. 15. gr. laga nr. 162/2002 um úrvinnslugjald. Úrgangur frá prentsmiðjunum er brenndur í Kólku. Sú meðferð úrgangs telst förgun en ekki endurnýting, enda er ekki um að ræða brennslu með orkunýtingu.

Fundað var með fulltrúum prentsmiðjanna 15. maí 2024 þar sem þeim voru kynntar forsendur þess að sjóðurinn telur að samningarnir hafi ekki lagastoð og áform um uppsögn þeirra. Lagt er til að stjórn samþykki að Úrvinnslusjóður sendi Landsprenti og Ísafold áform um að samningum við prentsmiðjurnar verði sagt upp.

Stjórn samþykkti þessa tillögu og starfsfólki Úrvinnslusjóðs falið að vinna áfram að málinu skv. tillögunni.

LÓ vék af fundi kl. 11:25

#### **4. Heimsókn starfsfólks Úrvinnslusjóðs til Renas og Grönt Punkt í Noregi**

ÍG og SBJ kynntu heimsókn til Renas og Grönt Punkt sem farin var dagana 21.-24. maí sl.

Starfsfólk varð margs vísara í ferðinni enda dagskráin yfirgripsmikil. Helstu áherslupunktur voru meðferð raftækjaúrgangs, pappa, samsettra og ósamsettra pappírumbúða, viðar- og plastumbúða. Einnig kynningarmál og tækifæri þar að lútandi.

Umræður um kynningarnar og tækifæri sem samstarf við þessa aðila gætu skapað. Sem fyrst þarf að huga að samstarfsvettvangi í kynningarmálum en einnig var rætt um mikilvægi þess að greina þarfir og ávinning og verja fjármunum skynsamlega.

SBJ setti fram hugmynd um óskuldbindandi samstarfsviljayfirlýsingu við Renas um könnun á fýsileika frekara samstarfs sem kæmi til samþykktar stjórnar. Ráðuneyti verði jafnframt upplýst um þá fyrirætlan. Samþykkt.

#### **C. Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður fara yfir helstu mál**

Fundi slitið kl. 12:10

Næsti fundur verður haldinn í vikunni 10.-14. júní (nánar ákveðið síðar).